



36. fundur stjórnar LH 2024-2026
29. apríl 2025 kl. 15:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Varamenn voru ekki boðaðir til fundarins.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Erindi frá Héraðssambandi varðandi mál Hestamannafélagsins

Með erindi sínu vísar Héraðssambandið til LH innanfélagsdeilum hestamannafélagsins til úrlausnar.

Afgreiðsla: Samþykkt að svara Héraðssambandinu á þá leið að skv. lögum og reglum LH er hlutverk sambandsins ekki að hlutast til um málefni einstakra aðildarféлага, enda eru í lögum hvers félags úrræði til að leysa innanfélagsdeilur með því að boða til félagsfundar. Formaður og framkvæmdastjóri LH hafa, líkt og aðilar innan Héraðssambandsins, reynt að miðla málum og verið stjórn Hestamannafélagsins til aðstoðar og ráðleggingar.

2. Innsent erindi – tilkynning um brot á siðareglum LH

Félagsmaður í hestamannafélagi óskar eftir með erindi sínu að LH viðurkenni háttsemi varamanns í stjórn LH, sem jafnframt er formaður í hestamannafélagi, sem brot á siðareglum LH.

Afgreiðsla: Samþykkt að svara erindinu á þá leið að viðkomandi varamaður í stjórn hafi ekki brotið siðareglur LH enda sé hann í hlutverki sínu sem formaður hestamannafélags ekki að tala í nafni LH. Gerð er rík krafa til varastjórnarmanna LH, líkt og aðalmanna í stjórn LH, að þeir komi ávallt fram af háttvísi og séu Landssambandi hestamannafélaga, hestaþróttinni og félagi sínu til sóma á allan hátt og mun þeim skilaboðum verða komið til varastjórnarmannsins af mikilli festu.

Fundi slitið kl. 16.00.